

Fundur 24. maí 2007

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps fimmtudaginn 24. maí 2007 kl. 20:00

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Ingvar Samúelsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Ágústa K. Bragadóttir, Áslaug B. Guttormsdóttir og Eygló Kristjánsdóttir sem ritar fundargerð. Fundargerð rituð í tölvu og er hún 1 blaðsíða.

Gústaf setur fund, bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Ráðning skólastjóra.
Tvær umsóknir bárust, önnur dregin til baka. Lagt til að gengið verði til samninga við Jóhönnu Þ. Þorsteinsdóttur.
2. Úthlutun kennslumagns.
Áslaug dreifði nemendalista nýliðsins vetrar og lista um áætlaðan nemendafjölda næsta vetrar. Einnig áætlun um stöðugildi 2007 – 2008 miðað er við 167 kennslustundir á viku. Nefndin hefur samkvæmt vinnuþlaggi sínu lagt til 154 kennslustundir á viku. Skólastjóra falið að sækja um aukaúthlutun á kennslumagni telji hann þörf á því.

Áslaug yfirgefur fundinn kl. 20:48 (sign)

3. Kynning á ráðningu Bjargar Karlsdóttur sem leikskólastjóra.
Samningar hafa náðst við leikskólastjóra. Fulltrúi sambands sveitarfélaga var hafður með í ráðum með samningsgerðina.
4. Framkvæmdaáætlun sumarsins.
Skóli – leikskóli engin gögn hafa borist nefndinni til umræðu. Eygló, Ásta og Ágústa ásamt fulltrúa frá sveitarstjórn munu setja fram óskalista um hvað þarf að framkvæma.
5. Starfsmannamál leikskóla. Næsta vetur er gert ráð fyrir að börnin verði um 13 - athugað verði með Björgu leikskólastjóra hvort auka þurfi stöðugildafjölda innan leikskólans. Afleysingar í sumar fram að sumarfríi eru leystar.

Önnur mál

- Skólastjóri biður um að auglýsa skuli eftir stuðningsfulltúa fyrir næsta vetur. Samþykkt.
- Sparkvöllur er á skólalóð og hefur ekki verið fjallað um það í mennta- og menningarmálanefnd. Fjallað var um völinn innan bygginganefndar og samþykkti hreppsnefnd fundargerð hennar um þetta mál.
Mennta- og menningarmálanefnd mótmælir harðlega að ekki verði lögð hitalögn undir gerfigrasið þar sem nóg er af heitu vatni á svæðinu. Í ljósi fenginnar reynslu af óhöppum á óupphituðum gerfigrasvöllum víðs vegar um landið.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 22:00

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Björn Samúelsson (sign)

Ágústa K. Bragadóttir (sign)